

Ritdómur

Sångernas sång. En mästernas dikt um kärleken eftir Tryggve Mettinger,
Uppsölum, Bibelakademiförlaget, 2016, 122 bls.

„Í hinu stóra leikhúsi lífsins er kærleikurinn sjálft leiksviðið. Allt annað eru bara leiktjöld.“ Á þessari tilvísun í sænska rithöfundinn og Nóbelsverðlaunahafann Pär Lagerkvist (1891–1974) byrjar Tryggve Mettinger bók sína um Ljóðaljóðin.

Tryggve Mettinger (f. 1940) er einn kunnasti og áhrifamesti gamlatestamentisfræðingur Norðurlanda á síðari árum. Hann hefur notið alþjóðlegrar viðurkenningar og starfað sem gistiprófessor við nokkra erlenda háskóla, þ. á m. hinn kunna Princeton-háskóla í Bandaríkjunum. Hann tók við prófessorsembætti á fræðasviði sínu við Lundarháskóla árið 1978 og gegndi því í 25 ár. Eftir hann liggur mikill fjöldi bóka, ekki síst um guðsmynd Gamla testamentisins og konungdæmið í hinu forna Ísrael (t.d. *King and Messiah*, 1976). Mörg rita hans vitna um áhuga hans á samanburði milli þeirrar trúar sem birtist á síðum Gamla testamentisins og trúarbragða hinna fornu Miðausturlanda og ekki síður á því sem er sérstakt fyrir trú Gamla testamentisins. Þá hefur hann, ekki síst á síðari árum, skrifað nokkrar bækur á sænsku sem ætlað er að höfða til breiðari lesendahóps en þeirra sem lagt hafa stund á biblíufræði við háskóla.

Tilvitnun bókarhöfundar sem vísað var til í upphafi þessa ritdóms er einmitt til marks um þá viðleitni hans að búa bókina í þann búning að hún höfði sem mest og best til breiðs hóps lesenda. Er óhætt að segja það strax að Mettinger tekst vel upp í þeirri viðleitni sinni. Bókin er læsileg og margt er þar sem höfðar vel til hins almenna lesenda. En það þýðir þó engan veginn að fræðilegur metnaður liggja ekki að baki bókinni. Þvert á móti er bókin gott dæmi þess að viðleitni til að skrifa auðlesinn og áhugaverðan texta þarf ekki að koma niður á fræðilegu gildi ritverka.

Annað ekki síður áhugavert markmið höfundar með bókinni er að henni er ætlað það hlutverk að vera afmælisgjöf til Solvi, eiginkonu hans, eða uppáhaldskonunnar, eins og hann kallar hana, „favorithustrun“, í tilefni af gullbrúðkaupi þeirra hjóna. Er það sannarlega vel valin gjöf af því tilefni og enginn getur sakað höfundinn um að hafa ekki lagt vinnu í gjöfina.

Mettinger segir réttilega (bls. 11) að þegar maður túlkar texta sé alltaf gott að hafa túlkunarlykil. Þennan lykil hefur hann fundið í annarri frásögn sem fjallar um trjágarð, þ.e. frásögninni af því þekktu pari Adam og Evu í aldingarðinum Eden. Lesi maður Ljóðaljóðin með Edensfrásögnina sem túlkunarlykil verður ljóst að elskendurnir lifa í aðstæðum þar sem Guð er jafn sjálfsagður og fyrsta manneskjuparið. Það staðhæfir Mettinger a.m.k. og vissulega gefur það Ljóðaljóðunum nýja og forvitnilega vídd að hafa þetta í huga. Sitthvað í samtali elskendanna í Ljóðaljóðunum virðist vísa til Edensfrásagnar 1. Mósebókar á þann hátt sem gjarnan er nefnt textatengsl.

Þetta er áhugaverð niðurstaða þar sem því hefur gjarnan verið haldið fram að Ljóðaljóðin séu mjög einangruð innan Biblíunnar og Guð sé þar ekki einu sinni nefndur á nafn.

Mettinger er annarrar skoðunar. Auk tengslanna við Edensfrásögnina bendir hann á tengslin við imago Dei-textann svokallaða, þ.e. þann texta 1. kafla Biblíunnar (1Mós 1.26–28) sem segir frá því að Guð hafi skapað manninn í sinni mynd og það eigi bæði við um karl og konu.¹

Þessi tengsl finnur Mettinger í þeirri staðreynd að elskendur Ljóðaljóðanna lýsa hvort öðru oftsinnis með guðdómlegu orðalagi. Þannig að Mettinger finnur tengsl í Ljóðaljóðunum við báðar upphafsfrásagnir Biblíunnar, sem oft hefur verið talað um sem tvær sköpunarfrásagnir, þá fyrri, sem er í fræðunum gjarnan kennd við bókstafinn P, og þá síðari, Paradísarsöguna, sem fræðimenn hafa kennt við bókstafinn J. Af tengslum Ljóðaljóðanna við hana dregur Mettinger þá ályktun að Biblían fjalli ekki aðeins um Paradísarmissi því að í ástinni og kærleikanum upplifi elskendurnir hið endurfundna Eden. Ljóðaljóðin séu gleðisöngur yfir upplifun hins jarðneska kærleika (bls. 12).

Loks lýsir Mettinger þeirri skoðun sinni að túlkun á hebreska orðinu *salhebetya* í Ljl 8.6 á þann veg að Jahve-nafnið (Drottinn) sé hluti hebreska orðsins sé alls ekki langsótt í augum hans. Þar með væri Esterarþók einu bók Gamla testamentisins sem nefnir ekki Guðsnafnið, en oft og ekki síst í nýrri biblíuþýðingum hafa Ljóðaljóðin átt það sameiginlegt með henni. Það á t.d. við um íslensku biblíuþýðinguna frá 2007. Þar segir: „því að ástin er sterk eins og dauðinn og ástríðan vægðarlaus sem hel; hún er brennandi bál, skíðlogandi eldur.“ Í hinum eldri íslensku biblíuþýðingum kemur Guðs nafnið hins vegar fyrir í þessu versi. Það á t.d. við um Viðeyjarbiblíu (1841) sem þýðir svo: „því elskan er eins sterk og dauðinn, og hennar vandlæti, fastheldið sem helja; þess glóð er eldsglóð, Guðs logi.“

Mettinger skýrir frá því að hann hafi lengi verið mikill unnandi skáldskapar og áhugi hans á mismunandi stílbrögðum sé tengdur því. Hann reyndist enda hafa mjög næmt auga fyrir hinu ríkulega myndmáli sem er að finna í Ljóðaljóðunum og til að skýra það styðst hann á stundum við útskornar myndir úr hinum forna heimi Miðausturlanda sem varðveist hafa og hinn svissneski gamlatestamentisfræðingur Othmar Keel hefur manna best rannsakað og gefið út. Mettinger fær ýmsar þessara fornu mynda og teikninga frá hinum svissneska vini sínum og starfsbróður og lífga þær sannarlega upp á bókina.

Í langri og ríkulegri rannsóknasögu Ljóðaljóðanna kveður mikið að hinni svokölluðu allegórísku túlkun þar sem túlkað er á þann veg, einkum meðal Gyðinga, að elskendurnir í ljóðunum standi fyrir samband Guðs og Ísraels, og á hinn bóginn meðal kristinna túlkenda hafa þeir gjarnan verið taldir standa fyrir samband Guðs og hinnar kristnu kirkju eða samband Guðs og mannsálarinnar.

Mettinger hafnar hinni allegórísku túlkun og telur að nákvæmnisritskýring út frá hebreska frumtextanum sýni að hún standist ekki skoðun. Hann heldur því fram að bókin sé frá byrjun skáldverk um kærleikann eða ástina á hinu mannlega sviði, ljóð um það hvernig ástin flytur elskendur aftur til paradísar. Og í því sambandi vekur hann athygli á að samband elskendanna einkennist af jafnræði, þar sé annar aðilinn engan veginn yfir hinn settur (bls. 105).

Mettinger varpar í lokakafla bókarinnar fram þeirri spurningu hvort Ljóðaljóðin hafi að geyma eitthvað eitt meginþema. Svar hans er á þá leið að bókin hafi að geyma mismunandi efnisþræði sem saman dragi fram það sem hann telji meginefni ritsins, *kærleikann sem Guðs gjöf sem færi elskendur tilbaka til Eden* (s. 105).

¹ Um þann mikilvæga texta skrifaði höfundur þessa ritdóms doktorsritgerð á sínum tíma, einmitt undir leiðsögn Tryggve Mettinger. Sjá Gunnlaugur A. Jónsson, *The Image of God: Genesis 1:26-18 in a Century of Old Testament Research*, Stokkhólm: Almqvist & Wiksell International, 1988.

Að lokum skal það sagt hátt og snjallt að hér er um að ræða afar læsilega bók sem veitir ferska og áhugaverða sýn á eitthvert áhugaverðasta og umdeildasta rit Biblíunnar. Tryggve Mettinger færir heim sanninn um að þetta forna ástarljóð á fullt erindi til samtíma okkar og sjálfur hefur hann þar fengið hugmyndina að bráðsnjallri afmælisgjöf til heitt elskaðrar konu sinnar á 50 ára brúðkaupsafmæli þeirra hjóna. Og svo vel er sú gjöf úr garði gerð að fjöldi áhugasamra lesenda fær ríkulega að njóta með þeim.